



## Verðbólgan 7,6% í maí en spáum að hún nái hámarki í ágúst

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,77% milli mánaða í maí og mælist verðbólgan nú 7,6% samanborið við 7,2% í apríl. Verðbólgan hefur ekki mælst hærri síðan í maí 2010 þegar hún var 7,5%. Þá var verðbólguþvottur vegna hrunsins að renna sitt skeið. Við teljum að verðbólgan muni nái hámarki í ágúst næstkomandi og verði þá um 8,5%. Upp frá því gerum við ráð fyrir hægri hjöðnun hennar.



Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 0,42% milli mánaða og mælist verðbólga um 5,5% á þann mælikvarða. Mest áhrif til hækkunar milli mánaða höfðu reiknuð húsaleiga (2,3% milli mánaða, 0,43% áhrif), verð á mat og drykk (0,9% milli mánaða, 0,14% áhrif), kaup ökutækja (2% milli mánaða og 0,12% áhrif) og dælueldsneyti (2,9% milli mánaða, 0,10% áhrif).

### Minni hækkun en við áttum von á

Upphaflega höfðum við spáð því að VNV myndi hækka um 0,78% en þegar tölur Þjóðskrár um mikla hækkun á íbúðaverði á höfuðborgarsvæðinu birtust færðum við spána okkar upp í 0,88% hækkun. Hækkunin varð því aðeins minni en við höfðum spáð. Það er enginn einn liður sem skýrir það sérstaklega heldur er þarna um að ræða sambland af nokkrum liðum. Reiknuð húsaleiga hækkaði minna en við væntum og matur og drykkur og tómstundir og menning einnig. Föt og skór, póstur og sími og aðrar vörur og þjónusta voru allt liðir sem lækkuðu lítillega en við höfðum spáð hækkun. Gengi krónunnar styrktist nokkuð milli fyrstu vikna í annars vegar apríl og hins vegar maí og kunna gengisáhrifin að hafa verið meiri en við væntum.

### Flugfargjöldin aftur farin að haga sér?

Flugfargjöldin lækkuðu um 6,9% sem var í samræmi við það sem við höfðum spáð. Árstíðarsveiflan í verðþróun flugfargjalda hvarf í faraldrinum en þessi mæling nú er skýr vísending um að árstíðarsveiflan sé komin aftur. Hækkun flugfargjalda á 12 mánaða grundvelli mældist 16,9% en það má rekja bæði til





aukinnar eftirspurnar vegna meiri ferðalaga en einnig vegna hækkunar olíuverðs sem hefur hækkað mikið á síðustu 12 mánuðum.

### Verulega mismunandi hækkunir á ýmsum undirliðum VNV

Þó að almennt verðlag hafi hækkað um 7,6% á síðustu 12 mánuðum er hækkun á undirliðum vísitölunnar ærið misjöfn. Sem dæmi hefur verðhækkun á dælueldsneyti verið 30,8% á síðustu 12 mánuðum en það má rekja til mikillar hækkunar á heimsmarkaðsverði olíu. Húsnæðisliðurinn hefur hækkað um 15%, drifinn áfram af 20,1% hækkun á markaðsverði húsnæðis<sup>1</sup>, og matur og drykkur um 6,2%. Föt og skór hafa hins vegar lækkað um 0,8%.


### Húsnæðisverð heldur áfram að bera uppi verðbólgu

Ekki urðu miklar breytingar á drifkrafti verðbólgunnar nú í maí en áfram eru það miklar hækkunir á húsnæðisverði sem eru að bera uppi innlenda verðbólgu. Framlag húsnæðis var þannig 3,2 prósentustig af heildarverðbólgu upp á 7,6% og skýrir húsnæði því 42% af ársverðbólgunni. Vægi innfluttra vara án dælueldsneytis hefur farið hækkanði á síðustu mánuðum og fór yfir 12% nú í maí en framlag til 12 mánaða verðbólgu mældist 0,92 prósentustig í maí. Áhrif dælueldsneytis voru 0,90 prósentustig og áhrif innfluttra vara því í heild sinni 1,82 prósentustig sem er um fjórðungur af heildarverðbólgunni í maí.

### Húsnæðisverð hækkar enn mikið


Reiknuð húsaleiga hækkaði um 2,3% en við höfðum spáð 2,6% hækkun og studdumst þar við nýjar tölur frá Þjóðskrá sem sýndu mikla hækkun á verði íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu milli mánaða í apríl eða 2,7%. Samkvæmt þeirri mælingu sem Hagstofan styðst við til að meta áhrif fasteignaverðs á verðbólgu hækkaði verði á íbúðarhúsnæði um 2,6% í maí. Áhrif vaxtaliðarins voru síðan neikvæð um 0,3 prósentustig og hækkun á reiknaðri húsaleigu því 2,3%. Við teljum að hægja muni á hækkunum á fasteignamarkaði á næstu mánuðum.

### Valdir útgjaldaliðir




Heimild: Macrobond

### Framlag undirliða



Heimild: Macrobond

### Reiknuð húsaleiga



Heimild: Macrobond

<sup>1</sup> Breyting milli ára á þriggja mánaða hlaupandi meðaltal mánaðarlegra gagna um húsnæðisverð á landsvísi.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.